



Upplýst samþykki foreldra fyrir talmeinaþjónustu barna hjá Skólaþjónustu Árborgar

Talmeinafræðingar á vegum Skólaþjónustu Árborgar eru með viðveru í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Þeir veita kennurum ráðgjöf, hitta börn og veita talþjálfun í skólanum ef þurfa þykir.

Nafn barns

Kt. barns

Ég undirrituð/undirritaður samþykki að talmeinafræðingur hitti barnið mitt og veiti því talþjálfun ef þurfa þykir:

- ☐ Já
☐ Nei

Ég undirrituð/undirritaður samþykki að upplýsingar um gang þjálfunar og aðrar upplýsingar henni tengdri séu sendar til mín með rafrænum hætti:

- ☐ Já
☐ Nei

Tölvupóstföng forsjáraðila

Staður

Dagsetning

Forsjáraðili samþykkir beiðni með undirskrift



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslu vegna veitingar á sérfræðiþjónustu samkvæmt 21. og 22. gr. . kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla eða IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu á samþykki þessu og veitingu sérfræðiþjónustu talmeinafræðings er unnið með eftirfarandi upplýsingar: Almennar persónuupplýsingar um barn og foreldra þess, s.s. nöfn heimilisföng, kennitölur, símanúmer og netföng. Jafnframt er unnið með upplýsingar um móðurmál, kennara barns, skóla og bekkjardeild. Þá kann að vera unnið með upplýsingar um þegar veitta þjónustu vegna barns, hjálpartæki sem barn notar, lækni barns og tilefni fyrir tilvísun, s.s. hegðunarvanda, þroskavanda, félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda, lyf sem barn tekur og athuganir sem þegar hafa verið gerðar á stöðu barns. Upplýsinga er aflað frá forsjáraðila auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um barnið til Þjóðskrár.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við veitingu sérfræðiþjónustu ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu þjónustunnar er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og aldrei án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við veitingu sérfræðiþjónustu. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

- ☐ Ég, forsjáraðili, hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndlar persónuupplýsingar.